

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 479/1979, um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna.

1. gr.

Við 2. gr. bætist eftirtalin efni:
NATRÍUMSÍLÍKÖT, þ. m. t. Metasílikat.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.

2. gr.

Við 3. gr. bætast eftirtalin efni:
DÍ- og TRÍKLÓRISCÓYANÚRSÝRA.
Merkimiði skal vera gulur. B, D og G.

3. gr.

Við 6. gr. bætast eftirtalin efni:
NATRÍUMPERKARBÓNAT.
Merkimiði skal vera gulur. B og E.

4. gr.

Við 7. gr. bætast eftirtalin efni:
NATRÍUMBÍSÚLFÍT.
NATRÍUMSÚLFÍT.
Merkimiði skal vera gulur. B og E.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 17. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50/1984 um eiturefni og hættuleg efni í landbúnaði og garðyrkju og útrýmingar meindýra, með breytingu nr. 213/1984.

1. gr.

8. gr. 1. mgr. síðasta setning orðist svo:
Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með geymslum þeirra, er leyfi hafa, enda tilkynni eiturefnanefnd því um nöfn og heimilisföng leyfishafa.